



Aðalfundur
16. nóvember 2023



Dagskrá:

Skýrsla formanns um starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi

Skýrsla gjaldkera um fjárhagsstöðu félagsins, tekjur og gjöld

Ákvörðun um árgjald 2024

Önnur mál

Fræðsluerindi

- Sæbrautarstokkur, Jóhann Ingi Jóhannsson
- Bruninn í Hvalfjarðargöngum í október 2023, Steinþór Björnsson og Guðni Ingi Pálsson
- Tillaga Vegagerðarinnar að nýrri jarðgangaáætlun, Freyr Pálsson



Skýrsla formanns
Freyr Pálsson



- Stjórnarfundir: Stjórnin hélt 3 stjórnarfundir og einn vinnufund. Fundir þessir voru haldnir sem fjarfundir, eins og undanfarin ár. Á fundum rætt um starfsemi félagsins, tengsl við NVF og ITA og þátttöku í ráðstefnum og fundum.
- Starfsemi innan NVF innan jarðgangahópsins hefur verið nokkuð róleg þetta árið. Í 18.- 19. apríl var haldinn fundur í Stokkhólmi, var það fyrsti fundur síðan C-19 sem ekki var haldinn sem fjarfundur. Meginþemu fundarins voru flókin veggöng (komplexa vögtunnlar), burðarvirki og tæknibúnaður og öryggi. Mikið var kynnt og rætt um byggingu E4 Förbifart Stockholm, þriggja akreina hraðbraut sem flytur norður-suðurumferðarstrauma fram hjá miðborg Stockholms. Af um 21 km löngum vegi eru 18 km í jarðgöngum. Vettvangsskoðun í syðri enda ganganna, en göngin eru í byggingu. Á fundinum var kynning á tvöföldun Oslóarfjarðarganga. Oslóarfjarðargöng verða tvöfölduð með 7% halla samsíða fyrra röri. Samþykkt frá ESA (eftirlitsstofnun EFTA) á grundvelli endurbóta. Frá Íslandi fóru fjórir meðlimir JGFÍ, það voru Hávarður Finnbogason, Kristinn Hauksson, Guðni Ingi Pálsson og Freyr Pálsson.
- NVF: Fyrirhugað var að hafa fund í Ándalsnes, Noregi í lok september innan hópsins um Virkni og öryggi (Funktion og Sikkerhet). Vegna dræmrar þátttöku er þeim fundi frestað fram til apríl 2024.
- ITA ráðstefna í Apenu í Grikklandi var haldin 12-18. maí. Einn fór frá Íslandi á ráðstefnuna, Hallgrímur Örn Arngrímsson. Næsta ráðstefna (ársþing) verður 50. ársþing ITA og haldið í Shenzen í Kína 2024.
- ITA heldur reglulega hádegisfyrirlestra sem aðgengilegir eru við skráningu í gegnum heimasíðu ITACET, JGFÍ hefur auglýst þessa viðburði á Facebook síðu félagsins.



NROCK 2023

- Fjórða norræna bergtækniráðstefnan, NROCK 2023, var haldin í Rvk. 24. – 26. maí 2023 (<http://www.nrock2023.com>). JGFÍ og JTFÍ sameinuðust um að halda þessa ráðstefnu og sett var á laggirnar undirbúningsnefnd sem sá um allan undirbúning og umsjón hennar.
- Ráðstefnan gekk mjög vel og gáfu keynote fyrirlesarar og aðrir gestir mjög jákvæða endurgjöf í tölvupóstum að henni lokinni. Um 65 þátttakendur voru á ráðstefnunni, þar af um helmingur erlendir gestir frá 9 löndum um allan heim. Alls voru 4 keynote fyrirlestrar og 22 tæknigreinar. Fyrirlestragreinar er að finna í sérstöku Proceedings-hefti á pdf-formi á heimasíðu ráðstefnunnar, og verður það einnig vistað á heimasíðu JGFÍ.
- Auk fyrirlestra voru farnar tvær vísindaferðir, önnur um Reykjanes og endað í Skylagoon og hin um Suðurland, þar sem Hellisheiðarvirkjun/Carbfix og Búrfell II voru helstu áfangastaðirnir.
- Næsta NRMS (eða NRock) ráðstefna verður haldin í Færeyjum eftir ca. 4 ár, en fulltrúi Færeyja tók við „Bergkjarnanum“, sem er tákn þessara norrænu ráðstefna.
- Fjárhagslega stóð ráðstefnan á Íslandi nokkurn veginn undir sér, sem var markmiðið og útkoman rétt yfir núlli.



- Samtals eru 14 fyrirtæki og stofnanir aðilar að Jarðgangafélaginu og greiða iðgjöld (Vegagerðin, Landsvirkjun, Mannvit, Geotek, Verkís, Efla, Hnit, Raftákn, Ístak, Suðurverk, ÍAV, Vaðlaheiðargöng ehf, Stuðull, Akrakot). Logo þeirra eru látin rúlla á heimasíðunni.
- Staða reiknings er góð og því lagt til að halda félagsgjöldum óbreyttum á næsta ári. Jón mun gera nánar grein fyrir rekstrarreikningi hér á eftir.
- Heimasíðan og fésbókarsíðan hafa nýst vel til upplýsinga og fræðslu um jarðgangatengd efni. Heimsóknir á heimasíðuna hafa verið mismargar en að meðaltali verið um 100 á mánuði. Félagsmenn eru hvattir til að senda á stjórn erindi, blaðagreinar, tímaritsgreinar og annað sem þeir telja að geti verið upplýsandi fyrir aðra félagsmenn og aðra áhugamenn um jarðgöng. Minnt er á að eitt af hlutverkum JGFÍ er „að vera vettvangur fræðslu og upplýsingamiðlunar á öllum fagsviðum sem tengjast jarðgangagerð af öllu tagi.“ eins og segir í lögum félagsins.
- Stefnt er að hafa 1-2 fræðsluerindi á milli Aðalfunda (Snowy, JSU og Færeyjar, BAH)
- Skráðir félagar í JGFÍ eru nú 56, sem flestir eru starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem greiða iðgjöld. Auk þeirra eru nokkrir sem fá send fundarboð. 64 einstaklingar eru meðlimir facebook hóps félagsins.



Jarðgangaverkefni í framkvæmd eða hönnun

Engin gangagerð hérlendis og hefur ekki verið síðan okt 2020, sem er miður, en vonandi rætist úr því innan fárra ára. Haldið áfram með hönnunarvinnu og áætlanir í dag gera ráð fyrir að gröftur Fjarðarheiðarganga hefjist 2025 og frárennslisganga Hvammsvirkjunar 2025. Í skoðun er jarðgangagerð tengd virkjun við Þórisloku í gegnum Vatnsfell (forhönnun).

Önnur nýframkvæmdaverkefni jarðganga og stokka sem unnið hefur verið að 2023 innan Vegagerðarinnar.

- Sæbrautarstokkur (850 m), forhönnunarstig.
- Miklabraut í stökk eða jarðgöng, frumdrög klár febrúar 2024 (framkvæmd 2029?).
- Setbergshöfði eða Garðabæjarstokkur, frumdrög
- Sundabraut, brú eða jarðgöng, MÁU.
- Göng um Reynisfjall, MÁU.
- Hvalfjarðargöng II, samanburður mismunandi gangaleiða, nóv. 2023.



Helstu viðhaldsverkefni jarðganga 2023

- Almanskardsgöng, steypar vegaxlir og lagnir. Framkvæmdir í samræmi við kröfur ESA á jarðgöngum á þjóðvegi
- Endurnýjun á viðbragðsáætlunum fyrir jarðgöng
- Haldnar sex slökkviliðsæfingar
- Setja upp LED-upplýsingarskilti við jarðgöng
- Setja upp neyðarstjórnunarklefa
- Varaafl endurnýjað í nokkrum göngum
- Lýsingu skipt yfir í LED

Helstu viðhaldsverkefni jarðganga sem ákveðin eru fyrir 2024

- Almanskardsgöng, uppsetning á búnaði. Seinni hluti framkvæmda í samræmi við kröfur ESA á jarðgöngum á þjóðvegi
- Fáskrúðsfjarðargöng, steypar vegaxlir og lagnir. Framkvæmdir í samræmi við kröfur ESA á jarðgöngum á þjóðvegi
- Áframhaldandi vinna við endurnýjun á viðbragðsáætlunum
- Klára að skipta lýsingu yfir í LED



Skýrsla gjaldkera.
Jón Smári Úlfarsson



Jarðgangafélag Íslands-ársreikningur 2023

(Des 2022-.Des 2023)

Staðan 31.12.2022		1.242.000
Árgjöld 2023 (2 reikningar ógreiddir)		270.409
(Banki-þjónustugjald og þóknun)	-	6.256
(ITA-árgjald-Áætlað- ógreitt)	-	75.000
(Rekstur heimasíðu)	-	100.000
(NROCK-Kostnaður)	-	80.000
Staðan 23.11.2023		1.251.153



Ársreikningur 2023:

Ársreikningur borinn upp til samþykktar.

Árgjald 2024:

Tillaga stjórnar JGFÍ er að árgjald 2024 verði óbreytt frá því sem nú er



Önnur mál



Fræðsluerindi

- Sæbrautarstokkur, Jóhann Ingi Jóhannsson
- Bruninn í Hvalfjarðargöngum í október 2023, Guðni I. Pálsson
- Tillaga Vegagerðarinnar að nýrri jarðgangaáætlun, Freyr Pálsson